

Leiðsögumaður:**Einar Ragnar Sigurðsson** kt. 170267-5329**Reynsla af leiðsögn og fararstjórn**

Ég hef starfað sem leiðsögumaður í ferðum hjá Ferðafélagi Íslands frá 2011 þar sem ég hef verið í hópi leiðsögumanna sem leiðsega í áskriftarferðum, yfirleitt ein til tvær ferðir í hverjum mánuði. Frá árinu 2019 hef ég í samvinnu við annan leiðsögumann haft umsjón með slíkum mánaðarlegum verkefnum og stýrt skipulagi og allri útfærslu auk þess að vera með leiðsögn í ferðunum. Áður hafði ég séð um leiðsögn í ýmsum ferðum, aðallega á þeim vinnustöðum sem ég hef starfað á en þá án sérstakrar greiðslu. Flestar þessara ferða eru dagsferðir þar sem gengið er á fjöll sem eru í færi fyrir dagsferð frá Reykjavík. Þá hef ég einnig farið tilfallandi nokkrar lengri ferðir.



Alls eru ferðir sem ég hef verið í forsvari fyrir sem leiðsögumaður að nálgast 200. Allar ferðirnar eru einhvers konar gönguferðir en ég hef einnig talsverða reynslu af lengri og styttri gönguskíða- og hjólaferðum, þó ég hafi ekki beint verið í hlutverki leiðsögumanns eða ábyrgðaraðila í slíkum ferðum.

Menntun og reynsla sem nýtist við leiðsögn og fjallamennsku

Gild WFR réttindi frá Landsbjörg, síðast endurnýjað 2021.

Grunnþjálfun björgunarsveitarmanns í gegnum HSSR þar sem ég er félagi.

Jarðfræði í gegnum nám í jarðfræði og jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands.

Svo það komi einnig skýrt fram að þá er ég hins vegar ekki með formlega menntun sem leiðsögumaður og er ekki með meirarpróf til að keyra farþega gegn gjaldi. Ég hef ekki heldur tekið formleg jöklanámskeið fyrir utan það sem er í grunnþjálfun björgunarsveitarfólks

Önnur menntun

Jarðfræði: Jarðeðlisfræðingur, MS gráða frá HÍ. Útskriftarár 2019.

Verkfræði: Véla- og iðnaðarverkfræðingur frá HÍ, CS gráða. Útskrift 1991.

Listi yfir nokkrar ferðir þar sem ég hef verið leiðsögumaður:

Akrafjall	Grímarsfell	Hvannadalshnúkur	Skælingar
Ármannsfell	Grímsskarð og hellir	Ingólfsfjall	Snæfellsjökull
Blákollur við Ölver	Grjótárvatn	Kjalvegur	Stóra-Björnsfell
Blikdalshringur	Hafnarfjall	Keilir	Stóruð
Borgir Hagafellsjökuls	Hekla	Laugavegur	Strútslaug og
Botna-Skyrtunna	Hengill	Leggjabrjótur	Svartahnúksfjöll
Esja - Kerhólakambur	Heiðarhorn	Ljósufjöll	Stuðlagil
Eyjafjallajökull	Hlöðufell	Mávatorfa	Svartitindur
Fimmvörðuháls	Högnhöfði	Ok	Syðstasúla
Fossar Árneshrepps	Hornfell	Reynivallaháls	Tindfjöll – Ýmir
Geirhnúkur	Hrafnabjörg	Skarðsheiði endilöng	Torfajökull
Geitlandsjökull	Hróarstindur	Skarðshyrna	Trana í Esju
Glóðafeykir	Hrómundartindur	Skeiðarárjökull	Vestursúla
Glyssa	Hrútaborg	Skjaldbreiður	Vífilsfell
Grænihryggur	Hvalfell	Skriða og Skriðutindar	Vonarskarð

Annað starf

Dags daglega starfa ég í gæðastjórnun, áhættu- og öryggisstjórnun hjá Deloitte. Ég sinni einnig tilfallandi kennslu á námskeiðum á því sviði hjá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands.

